

*Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.*

## **Borholur í Patreksfjarðarhreppi (4603)**



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/038

Nóvember 2013


## Inngangur

Í þessari greinargerð er fjallað um staðsetningu borholna í Patreksfjarðarhreppi hinum forna. Í honum voru upphaflega aðeins tvö lögbýli, Vatneyri og Geirseyri. Holurnar eru 19 talsins og aðeins tvær þeirra fundust ekki (RM-01 og RM-02). Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar og á 1. til 4. mynd eru staðsetningar holnanna sýndar.


1. tafla. Upplýsingar um borholur í Patreksfjarðarhreppi.

Staðar-númer	Borhola	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
36851	VE-01	Vatneyri	72 m	2012	65° 36.228	24° 00.824
36852	VE-02	Vatneyri	? m	2012	65° 35.858	24° 00.225
36583	VE-03	Vatneyri	? m	2012	65° 35.797	24° 00.470
36801	GE-01	Geirseyri	630 m	1976/1978	65° 35.455	23° 57.973
36802	GE-02	Geirseyri	451 m	1986-1987	65° 35.416	23° 57.907
36803	GE-03	Geirseyri	267 m	1987	65° 35.184	23° 57.085
36804	GE-04	Geirseyri	102 m	2012	65° 35.457	23° 57.901
36805	GE-05	Geirseyri	63 m	2012	65° 35.464	23° 57.752
36806	GE-06	Geirseyri	93 m	2012	65° 35.458	23° 57.870
36807	GE-07	Geirseyri	93 m	2012	65° 35.456	23° 57.936
36808	GE-08	Geirseyri	9 m	2012	65° 35.680	23° 58.051
36809	GE-09	Geirseyri	93 m	2012	65° 35.678	23° 58.056
36810	GE-10	Geirseyri	27 m	2012	65° 35.325	23° 58.080
36811	GE-11	Geirseyri	93 m	2012	65° 35.329	23° 58.081
36812	GE-12	Geirseyri	60 m	2013	65° 35.109	23° 58.073
36813	GE-13	Geirseyri	100 m	2013	65° 35.267	23° 58.243
36831	PF-01	Geirseyri	15	1991	65° 35.421	23° 57.600

36841	RM-01	Geirseyrri?	40	1985		
36842	RM-02	Geirseyrri?	26	1985		




1. mynd. Staðsetning borholna í Patreksfjarðarhreppi.



2. mynd. Staðsetning borholna á Vatneyri.





3. mynd. Staðsetning borholna á Geirseyri.



4. mynd. Staðsetning borholna á Geirseyri við Mikladalsá.

## VE-01 - Vatneyri

Borhola VE-01 er utan og ofan við fjárhúsin sem eru utan við Vatneyri. Þau eru utan við Fjósadal. Holan er um 40-50 metra ofan og utan við fjárhúsin. Hún er þar í hallamýri. Holan er opin en að öðru leyti í góðu ástandi. Töluvert magn af köldu vatni rennur upp úr henni (5. og 6. mynd).



5. mynd. Borhola VE-01. Fjárhúsin eru til hægri og í baksýn er Patreksfjarðarhöfn.



*6. mynd. Borhola VE-01.*



## VE-02 - Vatneyri

Borhola VE-02 er á Vatneyri og er innan við höfnina. Hún er þar í miðju plani. Í holuna kom kalt vatn en hún er ekki notuð (7. mynd). Hóla er opin en annars í góðu ástandi.



7. mynd. Borhola VE-02.

## VE-03 - Vatneyri

Borhola VE-03 er á brimvarnargarðinum utan við höfnina. Í hana kom sjór en hún hefur enn ekki verið tekin í notkun (8. mynd). Hóla er með plastloki en annars í góðu ástandi.



*8. mynd. Borhola VE-03.*

## GE-01 - Geirseyri

Borhola GE-01 er á svonefndu Drengjaholti sem er í mynna Mikladals. Holan er utan við Mikladalsá. Holan er lokuð og vatni sem úr henni kemur er veitt í gegnum rör út í læk ofan við hana. Holan er farin að láta á sjá (9. mynd).



9. mynd. Borhola GE-01 á Drengjaholti.



## GE-02 - Geirseymi

Borhola GE-02 er rétt innan við holu GE-01 í svonefndum Hjördísarlundi. Hóla er í hvammi niður við Mikladalsá. Hún er opin og seytlar þar upp volgt vatn. Utan um hóluna hefur verið sett fiskikar úr málm. Ástand hólunnar er bágborið (10. og 11. mynd).



*10. mynd. Borhola GE-02 í Hjördísarlundi.*





*11. mynd. Borhola GE-02.*

## GE-03 - Geirseyri

Borhola GE-03 er inni á Mikladal og er innan og neðan við hjallastæðu sem þar er. Hún er um 600 metra fyrir innan spennistöð Orkubúsins. Holan er niður við Mikladalsá. Hún er lokuð. Ástand holunnar er gott (12. mynd).



*12. mynd. Borhola GE-03.*



## GE-04 - Geirseyni

GE-04 er 55 metrum innar á Mikladal en GE-01. Á milli þeirra er GE-07. Holan er utan við veginn sem liggur upp að spennustöðinni. Holan er með hatti og í góðu standi (13. mynd).



13. mynd. Borhola GE-04. Holur GE-06 og GE-05 í baksýn.

## GE-05 - Geirseyri

Borhola GE-05 er um 170 metrum innar er hola GE-01. Hún er utan við veginn að spennustöðinni. Holan er með hatti og í góðu ástandi (14. mynd).



*14. mynd. Borhola GE-05*



## GE-06 - Geirseyri

Borhola GE-06 er um 80 metra innan við holu GE-01. Hún er utan við veginn að spennustöðinni. Holan er með hatti og í góðu ástandi (15. mynd).



*15. mynd. Borhola GE-06. Hóla GE-05 í baksýn.*

## GE-07 - Geirseyri

Borhola GE-07 er um 30 m innan við holu GE-01 og utan við veginn að spennustöðinni. Holan er með hatti og í góðu ástandi (16. mynd).




16. mynd. Borhola GE-07. Holur GE-04, GE-06 og GE-05 í baksýn.

### **GE-08 - Geirseyri**

Borhola GE-08 er á innri bakka Litladalsár og í mynni dalsins og er um 200 metrum ofan við byggðina. Hún er þar á nokkuð háum bakka. Þessi hola misheppnaðist í borun en er með hatti og í góðu ástandi að öðru leyti (17. mynd).

### **GE-09 - Geirseyri**

Borhola GE-09 er nokkra metra neðan við holu GE-08. Holan er með hatti og í góðu ástandi (17. mynd).



*17. mynd. Borholur GE-08 og GE-09.*



## GE-10 - Geirseyri

Borhola GE-10 er um 125 m suður af veginum um Mikladal. Hún er innan og ofan við kirkjugarðinn. Holan misheppnaðist í borun. Hún er með hatti og er að öðru leyti í góðu ástandi (18. og 19. mynd).



*18. mynd. Borhola GE-10.*





*19. mynd. Borholur GE-10 og GE-11.*

## GE-11 - Geirseyri

Borhola GE-11 er um 10 m norðan en borhola GE-10. Hún er með hatti og í góðu ástandi (19. og 20. mynd).



*20. mynd. Borhola GE-11.*



## GE-12 - Geirseyri

Borhola GE-12 er vestan undir Geirseyrarmúla og í efri vegskeringu. Hún er um 300 metra innan við byggðina. Holan er opin en að öðru leyti í góðu ástandi (21. mynd).



21. mynd. Borhola GE-12.



## GE-13 - Geirseyri

Borhola GE-13 er beint upp af innsta húsinu í byggðinni. Hún er samt neðan við þjóðveginn. Holan er með plastloki en annars í góðu ástandi (22. mynd).



*22. mynd. Borhola GE-13.*

## PF-01 - Geirseyri

Borhola PF-01 jarðskautshola einhvers staðar við spennustöð Orkubús Vestfjarða á Mikladal (23. mynd).



*23. mynd. Borhola PF-01 er einhvers staðar við spennistöðina á Mikladal.*